

Stjórnarfundur Geðhjálp 10.11.2016

Mættir: Hrannar, Þórður, Anna Gunnhildur, Ágúst, Bergþór, Sylviane og Halldóra.

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir(AGÓ).**
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
- 2. Bataskóli – nýjustu fréttir og framhald (HJ, AGÓ).**
Fram kom að Reykjavíkurborg myndi að öllum líkindum tryggja rekstur skólans í þrjú ár. Virk styrkir þróun skólans um ríflega 4 milljónir. Hugsanlega verður leitað eftir fleiri styrkjum.
- 3. Stefnumótun og framkvæmdaáætlun (HJ, AGÓ).**
Farið var í gegnum inngang og framkvæmdaáætlun nýrrar stefnumótunar til ársins 2018. Framkvæmdastjóri færir inn ábendingar og sendir skjalið aftur til stjórnar til yfirferðar. Áhugasamir úr stjórninni munu funda sérstaklega um þátttöku félagsins í alþjóðasamtökum í húsnæði Geðhjálp fimmtudaginn 17. nóvember kl. 18.
- 4. Árshlutauppgjör (HJ, AGÓ).**
Fram kom að uppgjörið lýsti auknum tekjum og aukinni starfsemi á fyrri hluta ársins miðað við árið í fyrra. Styrktarfé hefur aukist í kjölfar félagsöfnunar. Gjaldkeri ætlar að leita tilboða í bankaþjónustu félagsins.
- 5. Svar LSH við fyrirspurn um fræðslu til starfsmanna vegna ofbeldis og þingunar á geðsviði (HJ).**
Svarið var lesið upp og rætt. Fram kom að mælingum um þvingun virtist ábótavant. Því var velt upp hvort óska ætti frekari upplýsinga frá geðsviðinu um mælingar. Frekari umræðu var frestað til næsta fundar.
- 6. Erfðagjafir (HJ, AGÓ).**
Fram fór umræða um hvort birta ætti upplýsingar um erfðagjafir á heimasíðu félagsins. Framkvæmdastjóra var falið að skoða málið.
- 7. Andlegt hjartahnoð, námskeið (HJ).**
Framkvæmdastjóra var falið að ítreka námskeiðsboð um leið og fundargerð yrði send út.
- 8. Önnur mál.**
Hópur frá Grófinni mun heimsækja Geðhjálp næstkomandi þriðjudagsmorgun kl. 9. Í kjölfarið verður tekin ákvörðun um Akureyrarferð.

Framkvæmdastjóra var falið að afla síðareglna blaðamanna fyrir næsta stjórnarfund.

Fram kom hugmynd um að mótaðar yrðu síðareglur stjórnar Geðhjálp.

Fundi slitið kl. 19:30.